

Ísafjarðarbær
Guðmundur Rafn Kristjánsson
Helga Þuríður Magnúsdóttir

2.mái 2024
2024-04-47/0.11.2

Efni: Mjólkárviðskiptun. Breyting á deiliskipulagi.

Landsneti barst, þann 16. apríl 2024, beiðni um að veita umsagnir um skipulagstillögu fyrir breytingar á deiliskipulagi Mjólkárviðskiptunar. Umsagnafrestur er til 7.mái 2024.

Landsnet hefur farið yfir gögnin sem fylgdu erindinu. Hlutverk Landsnets er með lögum nr. 65/2003 að annast flutning raforku og kerfisstjórnun.

Eins og fram kemur á mynd 1 í skipulagstillögu má sjá að fyrirhugaðar framkvæmdir við Hólmavatn og Tangavatn eru fjarri línumannvirkjum Landsnets. Að þessum svæðum liggja hins vegar slóðir undir línurnar að þessum svæðum. Því leggur Landsnet áherslu á að allar verklegar framkvæmdir í nágrenni háspennulína verði í fullu samráði við fyrirtækið.

Sérstaka aðgát skal hafa við vinnu nærri eða undir spennuhafa háspennulína og virða skal öryggisfjarlægðir. Tryggja þarf persónuöryggi á framkvæmdatíma, sem og að framkvæmdin ógni ekki afhendingaröryggi rafmagns.

Landsnet bendir á að ekki má hefja vinnu nálægt flutningsvirki í rekstri nema fyrir liggi heimild frá fyrirtækinu. Upplýsa skal Landsnet ef vinna er fyrirhuguð nærri spennuhafa háspennulína og hugsanlegt er að Landsnet skipi spennuvörð á verkstað á meðan á framkvæmdum stendur. Gera þarf stjórnstöð Landsnets viðvart í síma 563 9401 áður en vinna hefst nærri háspennulínum fyrirtækisins.

Virðingarfyllst,

Rut Kristinsdóttir
Sérfræðingur umhverfismála

Undirritunarsíða

Rut Kristinsdóttir